

5

**KRÝSUVÍKURVEGUR (42)
UM VATNSSKARÐ
Í GRINDAVÍKURBÆ**

KYNNING Á LAGFÆRINGUM



apríl 2019

Flokkun gagna innan Vegagerðarinnar

Flokkur	Efnissvið	Einkenni (litur)
1	Lög, reglugerðir, og önnur fyrirmæli stjórnvalda	Svartur
2	Stjórnunarleg fyrirmæli, skipurit, verkefnaskipting, númeraðar orðsendingar	Gulur
3	Reglur, alm. verklýsingar, sérskilmálar	Rauður
4	Handbækur, leiðbeiningar	Grænn
5	Greinargerðir, álitserðir, skýrslur, yfirlit	Blár
Ú	Útboðslýsingar	

KRÝSUVÍKURVEGUR (42) UM VATNSSKARÐ Í GRINDAVÍKURBÆ

Kynning á lagfæringum

Helga Aðalgeirsdóttir, Erlingur F. Jensson, Jón Ágúst Jónsson
og Sóley Jónasdóttir



apríl 2019

Efnisyfirlit

1.	YFIRLIT	1
1.1.	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR	2
1.2.	MATSSKYLDA	2
2.	FRAMKVÆMDASVÆÐI, SKIPULAG OG LAGALEG UMGJÖRÐ	3
2.1.	STAÐHÆTTIR FYRIRHUGAÐS FRAMKVÆMDASVÆÐIS	3
2.2.	NÚVERANDI VEGUR	3
2.2.1.	Ástand, þjónusta og umferð	6
2.3.	SAMRÆMI FRAMKVÆMDAR VIÐ SKIPULAG Á SVÆÐINU	6
2.4.	LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN	7
2.5.	VERNDARSVÆÐI	7
2.6.	LEYFISVEITENDUR	8
3.	FRAMKVÆMDALÝSING	8
3.1.	VALKOSTIR	9
3.2.	VEGAGERÐ	9
3.3.	RÆSI OG BRÝR	10
3.4.	EFNISMÁL, EFNISÞÖRF OG EFNISTAKA	10
3.5.	FRÁGANGUR	10
3.6.	FRAMKVÆMDATÍMI OG FJÁRVEITINGAR	10
4.	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	11
4.1.	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	11
4.2.	ÞÆTTIR SEM GETA VALDIÐ UMHVERFISÁHRIFUM	11
4.2.1.	Vegagerð	11
4.2.2.	Efnisflutningar	11
4.2.3.	Rekstur	11
4.3.	UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM	11
5.	MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF	12
5.1.	RANNSÓKNIR	12
5.2.	VERNDARSVÆÐI	12
5.3.	LANDSLAG	12
5.4.	JARÐMYNDANIR	12
5.5.	GRÓÐUR	14
5.6.	FUGLAR	15
5.7.	FORNLEIFAR	15
5.8.	ÚTIVIST OG FERÐAMENNSKA	15
6.	ADGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	16
7.	NIÐURSTAÐA	17
8.	HEIMILDIR	18
9.	TEIKNINGAR	18

Forsíðumynd: Unnið við breikkun og lagningu klæðingar á Krýsuvíkurvegi í september 2014 (mynd: Vegagerðin).

1. YFIRLIT

Krýsuvíkurvegur er tengivegur sem liggur milli Reykjanesbrautar og Suðurstrandarvegar í Hafnarfirði en miðhluti hans liggur um Grindavíkurbæ (teikning 1 og mynd 1). Hann er 26,6 km langur og lagður bundnu slitlagi nema á 1,5 km kafla um Vatnsskarð á Reykjanesi. Vegurinn er ekki hannaður í samræmi við hönnunarreglur Vegagerðarinnar og er skilgreindur sem ferðamannaleið.



Mynd 1. Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis ★

Vegagerðin kynnir hér framkvæmd á Krýsuvíkurvegi (42) í Grindavíkurbæ, innan verndarsvæðisins Reykjanesfólkvangs. Fyrirhugað er að gera endurbætur á 1,5 km löngum kafla vegarins þar sem hann liggur um Vatnsskarð. Framkvæmdakafinn hefst skammt sunnan við tengingu að Vatnsskarðsnámu og endar við Blesaföt sunnan Vatnsskarðs. Um er að ræða endurbýggingu vegarins á núverandi vegsvæði og lagningu klæðingar. Hvergi er vikið út af núverandi vegstæði en framkvæmdinni fylgja nýjar skeringar og fyllingar því hæðarlega vegarins verður löguð vegna aðstæðna í landslagi og til að draga úr hættu á snjósöfnun á veg. Við þær breytingar mun vegsvæðið breikka. Vegna öryggisskilyrða þarf að færa vegamót Vigdísarvallavegar og endurleggja hann á 0,2 km kafla.

Miðað er við að verja um 60 milljónum af fjárveitingum til nýframkvæmda í framkvæmdina. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2019 og þeim verði lokið sama haust.

Áætluð efnisþörf er samtals um 25.000 m³. Verktaki skal útvega efni, sjá nánar í kafla 3.4.

Skilgreining á vegsvæði

Skilgreining á hugtakinu vegsvæði er ekki lögbundin. Um er að ræða skilgreiningu sem mótast hefur í praxís. Hugtakið veghelgunarsvæði er lögbundið og er breidd þess hverju sinni skilgreind í vegalögum. Sjaldnast er þörf á því að kaupa allt veghelgunarsvæðið undir veg. Oftast dugir að kaupa minni breidd, þ.e. aðeins hluta af veghelgunarsvæði undir mannvirkið sjálft, en nægir að kvaðir á grundvelli vegalaga leggist á aðra hluta þess. Í framkvæmd hefur verið gerður sá

greinarmunur að kalla það land sem Vegagerðin kaupir eða telur til eignarréttar yfir hverju sinni, *vegsvæði*.

Ef litið er til ákvæða vegalaga og skilgreiningu á hugtakinu vegar þá er vegur skilgreindur svona:

Vegur: Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Þarna er því verið að tala um „vegsvæðið“ þ.e. veginn og það land sem þarf undir hann. Þá er verið að tala um akbraut, axlir, fláa, rásir, skurði, önnur mannvirki og svæði meðfram vegi sem nauðsynlegt er til að hægt sé að halda vegi við.

Vegsvæði er það land sem Vegagerðin kaupir eða fær afsal fyrir. Það, hversu breitt *vegsvæði* keypt er hverju sinni ræðst af því hversu breitt svæði talið er, að þurfi undir mannvirkið. Hvað varðar stofnvegi er yfirleitt um 40 m breitt svæði að ræða sem nær 20 m frá miðlínu vegar til hvorrar hliðar.

Skilgreining á vegstæði

Hugtakið *vegstæði* er annars eðlis. Er þar fyrst og fremst átt við *veglínu* vegarins, þ.e. þá línu sem vegurinn liggur í. Almennt er ekki fjallað um sérstaka breidd þegar umrætt hugtak er notað. Þegar þörf er á að fjalla um breidd tiltekins svæðis, tengdu veginum, er almennt notast við hugtökin *vegsvæði* eða *vegheggunarsvæði*, sbr. ofangreint.

1.1. MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið fyrirhugaðra lagfæringa á Krýsuvíkurvegi er að bæta samgöngur og umferðaröryggi á ferðamannaleið í grennd við höfuðborgarsvæðið.

1.2. MATSSKYLDA

Framkvæmdin er ekki matsskyld samkvæmt 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. en fellur undir 6. grein laganna, framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum og er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar. Framkvæmdin fellur undir flokk B, lið 10.09 í 1. viðauka laganna. Um er að ræða enduruppbyggingu vegar utan þéttbýlis á verndarsvæði. Framkvæmdin er innan Reykjanesfólkvangs og eldhrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, verður raskað.



Mynd 2. Slitlagsendi að norðanverðu við Vatnsskarðsnámu (mynd: ja.is)

2. FRAMKVÆMDASVÆÐI, SKIPULAG OG LAGALEG UMGJÖRÐ

2.1. STAÐHÆTTIR FYRIRHUGAÐS FRAMKVÆMDASVÆÐIS

Grindavíkurbær nær yfir suðurhluta Reykjaneskaga og er landrýmislega langstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum og eina bæjarfélagið á sunnanverðu Reykjanesi. Mikil auðævi felast í stórbrotinni náttúru sveitarfélagsins og er um 85% þess háð einhvers konar verndun vegna sérstöðu sinnar. Jarðfræði svæðisins er einstök, eldfjallagarðar, gígaraðir og mosavaxnar hraunbreiður þekja stór landsvæði. Atvinnusaga tengd sjávarútvegi og fiskimiðum setur spor sín víða. Mikil orka býr í iðrum jarðar og hefur hún stuðlað að atvinnuuppbyggingu á ýmsum sviðum. Fjölsóttasti ferðamannastaður landsins, Bláa lónið, er í túnfæti þéttbýlisins og Reykjanesfólkvangur er að miklum meirihluta innan lögsögu Grindavíkur. Mikilvægt er að nýta auðlindir bæjarfélagsins á ábyrgan máta og í sátt við umhverfið (Grindavíkurbær, 2011).

Fyrirhugað framkvæmdasvæði hefst við Vatnsskarðsnámu en umhverfisáhrif námunnar hafa verið metin og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir, dags. 31.08.2009. Í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 kemur fram að miðað er við að taka um 1.000.000 m³ á ári úr námunni á árunum 2010-2035, efnispörf næstu 25 árin (frá 2010) sé því 25.000.000 m³. Efnistökuáætlun gerir ráð fyrir að á þessum árum stækki efnistökusvæðið um 53 ha og heildarflatarmál þess verði að lokum um 81 ha.




Mynd 3. Fyrirhugað framkvæmdasvæði (loftmynd: Loftmyndir ehf.).

2.2. NÚVERANDI VEGUR

Krýsuvíkurvegur (43) er 26,6 km langur og lagður bundnu slitlagi nema á 1,5 km kafla um Vatnsskarð. Vegurinn er skilgreindur sem ferðamannaleið og er ekki hannaður í samræmi við hönnunarreglur Vegagerðarinnar. Hann er fyrst og fremst nýttur til þæginda fyrir ferðamenn, til að komast á milli ferðamannastaða og njóta þess að aka um áhugaverða náttúru. Mörg ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða upp á norðurljósferðir nýta svæðið sem vegurinn liggur um og þessi hluti leiðarinnar er erfiður. Brekkan í Vatnsskarði er brött og svo er malarvegur alltaf varhugaverður, sérstaklega þegar aðeins er eftir svona stuttur kafli á vegi sem annars er lagður bundnu slitlagi.

Krýsuvíkurvegur liggur frá Reykjanesbraut, til að byrja með um þéttbýlið í Hafnarfirði, en svo um hraunið ofan Hafnarfjarðar þar sem lúpína er í vegkanti en hraunið annars mosavaxið. Vegurinn liggur á löngum kafla um vatnsverndarsvæði en á þeim kafla er mikil umferð þungra bíla að Vatnsskarðsnámu. Á þessum kafla er vegurinn 8,5 m breiður. Litlar brekkur eru á vegi þar til komið er að Vatnsskarði, þar sem 6 m breiður malarvegur liggur yfir skarðið. Brekkur norðan og sunnan við Vatnsskarð eru með allt að 16,2% halla. Á Blesafliot undir Vatnshlíðarhorni liggur vegurinn um flatlendi. Þar er komið inn á bundið slitlag og vegurinn breiðkar í 6,5 m. Þaðan liggur vegurinn meðfram Kleifarvatni, framhjá jarðhitasvæðinu Krýsuvík og á Suðurstrandarveg í Krýsuvík.

Bundið slitlag á Krýsuvíkurveg hefur verið lagt í mörgum áföngum og er komið á kaflana báðum megin við framkvæmdasvæðið. Að norðanverðu er vegurinn lagður malbiki upp að Vatnsskarðsnámu. Að sunnanverðu, í Hafnarfirði og Grindarvíkurbæ voru endurbætur á veginum unnar í 3 áföngum þar sem vegurinn var breikkaður og lagður klæðingu. Framkvæmdir á seinasta áfanganum voru árið 2014 (sjá forsíðumynd).



Mynd 4. Slitlagsendi að norðanverðu við Vatnsskarðsnámu sem er til vinstri á mynd (mynd: ja.is)

Krýsuvíkurvegur flokkast sem tengivegur, vegur utan þéttbýlis sem liggur milli stofnvega og er a.m.k. 10 km langur. Hann er í vegtegund C₇. Veghelgunarsvæði hans er 40 m breitt, þ.e. 20 m til beggja handa út frá miðlínu hans og vegsvæði hans er það sama. Hann skiptist í 3 kafla sem eru:

- Kafli 01, Reykjanesbraut (41-15) – Vigdísarvallavegur (428-01) 9,71 km
- Kafli 02, Vigdísarvallavegur (482-01) – Krýsuvíkirkirkja 13,31 km
- Kafli 03, Krýsuvíkirkirkja – Suðurstrandarvegur (427-06) 3,57 km
26,60 km

Fyrirhuguð framkvæmd sem hér er kynnt er alls 1,5 km löng og hefst á vegkafla 01, en er að mestu á vegkafla 02. Vegurinn liggur um lítt gróið eða mosagróið eldfjallalandslag. Við stöð 750 er varða í vegkanti og útskot meðfram vegi. Vigdísarvallavegur liggur út frá Krýsuvíkurvegi nærri stöð 980.



Mynd 5. Varða og útskot meðfram vegi að norðanverðu við Vatnsskarðsnámu sem er til vinstri. Raskað land meðfram vegi (mynd: ja.is)



Mynd 6. Vegamót Vígðísarvallavegar (mynd: ja.is).



Mynd 7. Horft upp Vatnsskarðið til suðurs (mynd: ja.is).



Mynd 8. Horft niður Vatnsskarðið til suðurs. Vatnshlíðarhorn fyrir miðri mynd (mynd: ja.is).



Mynd 9. Slitlagsmörk sunnan Vatnsskarðs. Horft til suðurs, Vatnshlíðarhorn fyrir miðri mynd (mynd: ja.is).

2.2.1. Ástand, þjónusta og umferð

Sá hluti Krýsuvíkurvegar sem hér er kynntur er með malarslitlagi. Vegurinn er hefлаður nokkrum sinnum á ári, en malarslitlagið er ekki endingargott og verður fljótt gróft og óslétt. Um veginn fer umferð allan ársins hring sem feykir slitlaginu smám saman í burtu í þurrkum og vindi. Vegurinn er mjög brattur báðum megin Vatnsskarðs, með allt að 16,2% halla. Hann hækkar úr 125 m y.s. norðan Vatnsskarðs í 175 m y.s. í skarðinu og svo lækkar hann í 157 m y.s. sunnan skarðsins.

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Krýsuvíkurvegar, á kaflanum frá Vigdísarvallavegi að Suðurstrandarvegi, er vetrarþjónusta tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum.

Samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar 2017 var umferðin um Krýsuvíkurveg mjög mismunandi eftir vegarköflum (tafla 1).

Tafla 1. Umferð á Krýsuvíkurvegi 2017.

42	Vegarkafli	Lengd km	ÁDU	SDU	VDU	eknir þ.km
01	Reykjanesbraut (41-15) – Vigdísarvallavegur	9,71	1386	1774	1137	4.911
02	Vigdísarvallavegur (482-01) – Krýsuvíkirkirkja	13,31	320	525	118	1.557
05	Krýsuvíkirkirkja – Suðurstrandarvegur (427-06)	3,57	291	473	104	379


ÁDU - Meðalársuferð eða meðalfjöldi bíla á sólarhring allt árið.

SDU - Sumardagsuferð eða meðalfjöldi bíla á sólarhring júní – september.

VDU - Vetrardagsuferð eða meðalfjöldi bíla á sólarhring janúar – mars og desember.

2.3. SAMRÆMI FRAMKVÆMDAR VIÐ SKIPULAG Á SVÆÐINU

Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er í gildi Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030. Skipulagið var staðfest 25.05.2012. Á sveitarfélagsupprætti sem fylgir með greinargerð aðalskipulagsins er Krýsuvíkurvegur sýndur sem tengivegur (bleikur).



Mynd 10. Skipulag á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Krýsuvíkurvegar (Aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030).

Í greinargerð þess, kafla 5.15. um samgöngur kemur eftirfarandi fram:

„Suðurstrandarvegur tengir Grindavík til austurs og Nesvegur til vesturs út á Reykjanes. Grindavík er því ágætlega tengd nágrannasveitarfélögunum með Grindavíkurvegi og með tilkomu nýs Suðurstrandarveggar batna tengingar til muna. Ekki er talin þörf á fleiri tengingum milli svæða....

Þjóðvegir skiptast í stofnvegi, tengivegi og landsvegi. Grindavíkurvegur er stofnvegur sem tengir Grindavík við Reykjanesbraut. Suðurstrandarvegur er stofnvegur sem tengir þéttbýli Grindavíkur til austurs. Tengivegir eru Nesvegur vestur á Reykjanes og til Reykjanesbæjar, Grindavíkurbraut, Krýsuvíkurvegur og Bláfjallavegur. Vigdísarvallavegur er landsvegur.“

Á aðalskipulagsupprætti (mynd 10) kemur fram að reiðstígur skal vera meðfram Krýsuvíkurvegi frá sveitarfélagsmörkum í norðri að Vigdísarvallavegi.

Lagfæringar á Krýsuvíkurvegi hafa ekki í för með sér breytingar á legu vegarins og eru því í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins.

2.4. LANDEIGENDUR OG LANDNOTKUN

Fyrirhugað framkvæmdasvæði í Grindavíkurbæ er í eigu Héraðsnefndar Suðunesja. Það er fast við Vatnsskarðsnámu, sem er meðal stærstu jarðefnanáma í grennd við höfuðborgarsvæðið.

Krýsuvíkurvegur sem er tengivegur í eigu Vegagerðarinnar liggur nú þegar um svæðið. Vegamót við Vigdísarvallaveg eru innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Vigdísarvallavegur er landsvegur.

Engin búseta er í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði en það er aðallega nýtt til útivistar og ferðamennsku. Meðfram vegi liggur ljósleiðari.

Við undirbúning framkvæmdarinnar verður haft samráð við eftirtalda aðila:

- **Bæjarstjórn Grindavíkur**, vegna framkvæmdaleyfis.
- **Skipulagsstofnun**, vegna matsskyldu framkvæmdarinnar.
- **Umhverfisstofnun**, vegna framkvæmdaleyfis innan Reykjanesfólkvangs og frágangs á svæðinu.
- **Lagnafyrirtæki**, vegna lagna innan framkvæmdasvæðisins.

2.5. VERNDARSVÆÐI

Með verndarsvæðum er átt við svæði sem verndarkvaðir hvíla á t.d. vegna náttúruverndar.

Reykjanesfólkvangur var friðlýstur árið 1975. Hann er 30.000 ha og eru rúmlega 2/3 hlutar hans innan lögsögu Grindavíkur. Að Reykjanesfólkvangi standa auk Grindavíkurbæjar, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjanesbær, Reykjavík og Seltjarnarnes. Hann liggur að Bláfjallafólkvangi sem er utan lögsögu Grindavíkur (Grindavíkurbær, 2011).

Reykjanesfólkvangur er langstærsta friðlýsta svæði sinnar tegundar. Hann er ómetanleg útivistar- og náttúruperla, en tilgangur með fólkvöngum er að tryggja almenningi aðgang að svæðum til þess að njóta útivistar. Innan hans er gígasvæði í Vesturhálsi og Eldborg sem er einstakur gígur sem myndaðist á sögulegum tíma. Þar eru einnig móbergsfjöll sem myndast hafa við gos undir jökli (Grindavíkurbær, 2011).

Í auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975 koma fram þær reglur sem gilda um fólkvanginn:

1. Fótgangandi fólki er heimil för um allt svæðið og má ekki hindra slíka för með girðingu nema stigar til yfirferðar séu með hæfilegu millibili. Reiðgötum má ekki loka með girðingum. Þessi ákvæði eiga þó ekki við girðingar um vatnsból og ræktað land enda er umferð óheimil innan slíkra girðinga. Á skógræktargirðingu skulu einungis vera stigar.
2. Allt jarðrask er bannað innan fólkvangsins nema leyfi [Umhverfisstofnunar] komi til.


2.6. LEYFISVEITENDUR

Við framkvæmdina verður farið að lögum og reglum sem eru í gildi. Fyrirhuguð framkvæmd getur verið háð eftirfarandi leyfum sem aflað verður áður en framkvæmdir hefjast:

1. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir vegagerð til sveitarstjórnar, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
2. Framkvæmdin skal vera í samræmi við aðalskipulag Grindavíkur 2010-2030. Ekki þarf að breyta aðalskipulagi vegna framkvæmdarinnar.
3. Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda innan Reykjanesfólkvangs.
3. Verktakinn er háður starfsleyfi sem viðkomandi heilbrigðiseftirlit (Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja) veitir vegna efnistöku og vinnubúða. Í gildi er reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um tímabundna mannvirkjagerð eins og vinnubúðir gilda ýmsar reglugerðir um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustað.



Mynd 11. Vatnsskarð, Krýsuvíkurvegur og Vigdísarvallavegur, nýr sýndur rauður (mynd: HA mars 2019).



Mynd 12. Vatnsskarðsnáma, Krýsuvíkurvegur og Vigdísarvallavegur (mynd: HA mars 2019).

3. FRAMKVÆMDALÝSING

3.1. VEGTEGUND

Í 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 kemur fram að þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, haldið er við af fé ríkisins og upp eru taldir í vegaskrá. Þjóðvegum skal skipað í 4 flokka; stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi og eru tengivegir skilgreindir á eftirfarandi hátt: *Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi á stofnveg eða af stofnvegi á tengiveg og eru a.m.k. 2 km langir, vegir sem tengja landsvegi við stofnvegi, vegir sem ná til þéttbýlisstaða með færri en 100 íbúa og tengja þá við stofnvegakerfið, vegir að helstu flugvöllum og höfnum sem mikilvægar eru fyrir flutninga og ferðaþjónustu, og vegir að ferjuhöfnum ef þeir eru ekki stofnvegir, vegir að þjóðgördum og innan þeirra og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis. Þar sem tengivegur endar í þéttbýli skal tengja hann fyrstu þvergötu sem tilheyrir vegakerfi þéttbýlisins og enda þar.*

Krýsuvíkurvegur telst til tengivega. Veghönnunarreglur tengja saman veghönnun, ökulag, aflfræði ökutækja og umferðaröryggi. Í grunnatriðum fyrir veghönnunarreglur sem er að finna á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is kemur fram að tengivegir eigi að vera a.m.k. samkvæmt vegtegund C₇ (tafla 3).

Tafla 2. Vegtegundir notaðar í hverjum vegflokki (Vegstaðall, 01 Grunnatriði).

Vegflokkar	Vegtegundir										
	A ₃₄	A ₂₂	B ₁₉	B _{15,5}	B ₁₂	C ₁₀	C ₉	C ₈	C ₇	D	F
Stofnvegir	x	x	x	x	x	x	x	x			
Tengivegir		x	x	x	x	x	x	x	x		
Héraðsvegir								x	x	x	
Landsvegir							(x)	x	x	x	x

Við lagfæringar á Krýsuvíkurvegi um Vatnsskarð er miðað við að fylgja núverandi vegi til að raska nýju landi sem minnst. Vegurinn verður breikkaður, byggður meira upp úr landi og lagður klæðingu.

3.2. VEGAGERÐ

Lagfæra á Krýsuvíkurveg á 1,5 km kafla um Vatnsskarð á Reykjanesi. Upphaf framkvæmdarkafans er 0,6 km norðan við Vigdísarvallaveg og endir hans er 0,9 km sunnan við Vigdísarvallaveg. Við framkvæmdir verður núverandi vegi fylgt.

Þar sem Krýsuvíkurvegur flokkast sem tengivegur í vegtegund C₇ á þessum kafla á að byggja hann upp sem 6,5 m breiðan heilsársveg með klæðingu. Þar sem ekki er fyrirhugað að nýbyggja veginn, heldur lagfæra hann til að auka öryggi vegfarenda, er hér miðað við að lagður verði nokkuð góður og öruggur vegur sem verður felldur eins vel að landi og aðstæður leyfa.

Framkvæmdinni fylgja nýjar skeringar og fyllingar því laga þarf hæðarlegu vegarins vegna aðstæðna í landslagi, til að draga úr bratta og mishæðum og til að draga úr hættu á snjósöfnun á veg.

Vegurinn er í dag í um 0,5-1,0 m hæð yfir aðliggjandi landi. Eftir framkvæmdir verður hann meira uppbyggður og fyllingar verða hærrí á köflum þar sem landslag er mishæðótt.

Mesta skering verður við stöð 1500 þar sem hæsti hluti vegarins verður lækkaður um 3 metra. Mesta fylling verður við stöð 1040 þar sem vegurinn verður 3,8 m yfir núverandi vegi. Einnig verður mikil fylling við stöð 1260, þar sem vegurinn verður 2,2 m yfir núverandi vegi og við stöð 1680 þar sem hann verður tæplega 2 m yfir núverandi vegi.

Mesti bratti á nýjum vegi verður 10,7% en á núverandi vegi er brattinn allt að 16,2%.

Hönnunarhraði verður 70 km/h. Vegurinn verður byggður fyrir þungaumferð, allt að 11,5 t öxulþunga. Vegur að Vigdísarvöllum verður aðlagður að lagfærðum Krýsuvíkurvegi. Til að uppfylla

Öryggisskilyrði þarf að færa vegamót Krýsuvíkurvegar og Vigdísarvallavegar fjær brekkunni upp á Vatnsskarð, eða 110 m sunnar og endurleggja Vigdísarvallaveg á 200 m kafla (sjá teikningar 1-11). Við framkvæmdir verður þess gætt að raska ekki vörðu við stöð 750.

3.3. RÆSI OG BRÝR

Ekkert vatnsfall er á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Ekki þarft að endurnýja ræsi í veginum. Núverandi ræsi eru nægjanlega löng.

3.4. EFNISMÁL, EFNISÞÖRF OG EFNISTAKA

Áætluð efnisþörf fyrirhugaðra framkvæmda á Krýsuvíkurvegi er um 25.000 m³. Upplýsingar um frekari skiptingu efnis má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Áætluð efnisþörf á Krýsuvíkurvegi um Vatnsskarð.

	Magn í m ³
Klæðing	300
Burðarlög	4.000
Fyllingar og fláafleygar	21.000
Samtals	25.000

Um 12.000 m³ munu fást úr vegskeringum á vegsvæði. Það sem upp á vantar, um 13.000 m³ verða teknir úr námu. Af samkeppnisástæðum getur Vegagerðin ekki farið fram á að efnid verði tekið úr valinni námu. Verktaki mun sjá um að útvega efni, en benda má á að Vatnsskarðsnáma sem er á Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 er við hlið framkvæmdasvæðisins. Ef verktaki kýs að nota aðrar námur þarf hann að sýna fram á heimild til efnistöku á þeim stöðum.

Vatnsskarðsnáma er opin, umhverfisáhrif hennar hafa verið metin og álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Í Aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 kemur fram að miðað er við að efnistaka úr námunni verði um 1.000.000 m³ á árunum 2010 til 2035.

Almennt

Ef að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði finnst lífrænn jarðvegur á yfirborði skeringar verður honum ýtt í haug áður en vinna við skeringuna hefst og hann geymdur til að nota við frágang hennar. Við frágang verður flutt til efni í jöðrum skeringa til að aðlaga þær sem best að landi.

3.5. FRÁGANGUR

Öll vinnutilhögun við vegagerð og frágang verður ákvörðuð í samráði við eftirlitsmann Vegagerðarinnar og mun liggja fyrir þegar sótt er um framkvæmdaleyfi. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á landslagi og jarðvegi og röskuð svæði verði ekki ófrágengin lengur en nauðsyn krefur.

Við lagfæringar Krýsuvíkurvegar á þessum kafla verður óveruleg breyting á vegakerfinu. Skeringar verða mótaðar í samræmi við landslag og umhverfi en einnig til að hamlar gegn vindrofi og úrrennisskemmdu. Við frágang verður þess gætt að hafa yfirborð raskaðs lands sem líkast aðliggjandi landi. Það verður mótað í samræmi við landslag og halla umhverfis og brúnir skeringa aðlagaðar að landinu í kring.

3.6. FRAMKVÆMDATÍMI OG FJÁRVEITINGAR

Sumarið 2019 er stefnt á að hefja lagfæringar á hluta Krýsuvíkurvegar, á kaflanum um Vatnsskarð. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til framkvæmdarinnar í drögum að nýrri samgönguáætlun 2019-2033.

Vegagerðin hefur ákveðið að nýta um 60 m.kr til áframhaldandi lagfæringa á Krýsuvíkurvegi á árinu 2019. Upphaf framkvæmda er fyrirhugað vorið 2019 og að þeim ljúki haustið 2019.

4. UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim.

4.1. AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum mun ná til vegfarenda sem leið eiga um Krýsuvíkurveg á þessum kafla. Framkvæmdasvæði er það svæði sem fer undir vegagerð, sjá teikningar 3 og 4.

Veghelgunarsvæði Krýsuvíkurvegar, sem er tengivegur, er 40 m breitt og nær 20 m frá miðlínu vegar til hvorrar handar. Framkvæmdasvæðið er mun mjórara, eða 11-30 m breitt. Almenn er gert ráð fyrir að takmarka breidd raskaðs svæðis eins og unnt er og verður það tilgreint í gögnum um framkvæmd.

Framkvæmdin mun afmarkast af uppbyggingu vegarins á 1,5 km kafla um Vatnsskarð. Rekstur mannvirkisins og viðhald tekur við eftir að framkvæmd lýkur.

4.2. ÞÆTTIR SEM GETA VALDIÐ UMHVERFISÁHRIFUM

Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

- Bygging vegar á 1,5 km kafla, þ.e. áhrif vegna vegagerðar
- Efnisflutningar, þ.e. áhrif vegna efnisflutninga úr námu
- Rekstur vegar, þ.e. áhrif vegna umferðar

4.2.1. Vegagerð

Framkvæmdin mun auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur á Krýsuvíkurvegi. Um er að ræða miklar vegabætur á mjög stuttum kafla. Lagning vegarins getur haft áhrif á gróður, fugla, mannvistarleifar og jarðmyndanir. Einnig breytist landslagið.

Vegagerð og umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma fylgir hávaði, útblástursmengun, hætta á mengunarslysum og rykmengun sem geta haft tímabundin áhrif á útivist við framkvæmdasvæðið.

4.2.2. Efnisflutningar

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð efnispörf framkvæmdarinnar, staðsetningu náma og frágangi þeirra að efnistöku lokinni. Efnisflutningar geta haft áhrif á vegfarendur sem leið eiga um veginn.

4.2.3. Rekstur

Á rekstartíma getur umferð um veginn haft áhrif á umferðarhávaða og útblástur mengandi efna frá umferð. Líklega mun framkvæmdin ekki hafa í för með sér aukningu umferðar um Krýsuvíkurveg.

4.3. UMHVERFISÞÆTTIR SEM GETA ORÐIÐ FYRIR ÁHRIFUM

Vegagerðin hefur metið hvort líklegt sé að framkvæmdin muni hafa veruleg áhrif á umhverfið. Hún telur að áhrif framkvæmdarinnar verði aðallega jákvæð vegna betri samgangna og aukins umferðaröryggis. Þeir umhverfisþættir sem talið er að framkvæmdin geti haft áhrif á eru:

- landslag
- jarðmyndanir
- fuglar
- gróðurfar
- fornleifar
- útivist

Neikvæð áhrif verða aðallega á landslag þar sem því verður raskað með efnistöku og skeringum meðfram vegi.

5. MÖGULEG UMHVERFISÁHRIF

5.1. SVÆÐI SEM RASKAST OG RANNSÓKNIR

Við framkvæmdina verður landi raskað á samtals 3,31 ha. Vegna Krýsuvíkurvegar verður 2,94 ha raskað og við lagningu nýrrar tengingar við Vigdísarvallaveg verður 0,37 ha raskað. Stærstum hluta framkvæmdasvæðisins hefur áður verið raskað við vegagerð og lagningu jarðstrengja. Við framkvæmdina verður óhreyfðu landi meðfram vegi raskað á 0,90 ha.

Vegna framkvæmdarinnar hefur farið fram fornleifakönnun og Náttúrufræðistofnun Íslands var fengin til að meta áhrif framkvæmdarinnar á fugla. Vatnsskarðsnáma er við hlið framkvæmdasvæðisins. Við ritun eftirfarandi kafla var m.a. stuðst við lýsingar Mannvits á staðháttum svæðisins og umhverfisþáttum, sem lýst er í matsskýrslu vegna námunnar (Mannvit 2008). Einnig voru skoðaðar kortasjár Náttúrufræðistofnunar Íslands um vistgerðir <http://vistgerdakort.ni.is/> og um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja <https://serstokvernd.ni.is/> til að meta áhrif framkvæmdarinnar á þessa þætti.

5.2. VERNDARSVÆÐI

Krýsuvíkurvegur um Vatnsskarð liggur um Reykjanesfólkvang sem friðaður er með sérstökum lögum nr. 520/1975 vegna náttúrufars og útivistarmöguleika. Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á möguleika til útivistar í fólkvanginum vegna betra aðgengis að honum og minni rykmengunar frá umferð að loknum framkvæmdum (sjá teikningar 1 og 2).

5.3. LANDSLAG

Vatnsskarð er í 20 km löngum og að jafnaði rúmlega 1 km breiðum móbergshálsi sem liggur frá Krýsuvíkur-Mælifelli, suðvestan við Kleifarvatn, með norðaustur stefnu að Helgafelli. Vestan við Kleifarvatn nefnist hann Sveifluháls en þar eru nokkrir tindar, yfir 350 m háir. Hæsti hluti hálsins er 397 m y.s. á Stapatindi. Austan við Vatnsskarð er hálsinn nokkuð lágreistari og liggur hæst við Háuhnúka, 262 m y.s. sem eru innan Vatnsskarðsnámu. Norðaustan við námuna eru Undirhlíðar, nyrsti hluti hálsins (Mannvit 2008).

Lagfærður Krýsuvíkurvegur mun áfram liggja á sama stað, en verða hærri og aðeins breiðari en núverandi vegur og skeringar og fyllingar verða meiri.

Svæðinu, sem viðkomandi framkvæmd mun hafa áhrif á, hefur áður verið raskað með lagningu vegar og mikil efnistaka er við hlið vegarins á kaflanum við Vatnsskarðsnámu. Það hefur því lítið verndargildi.

Við framkvæmdina verður landslagi breytt varanlega með skeringum og fyllingum en með góðum frágangi og eftirliti með framkvæmdum er hægt að draga verulega úr neikvæðum áhrifum á landslag. Stuðlað verður að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vel afmarkað framkvæmdasvæði. Leitast verður við að útmörk þess falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis verður óheimill.

5.4. JARÐMYNDANIR

Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur í norðurjaðri virka gosbeltisins á Reykjaneskaga. Vatnsskarð er í móbergshálsi og telst því ekki til eldhrauna. Talið er að hálsinn samanstandi af mörgum hryggjum sem myndast hafa í gosum á sprungubelti, virkt á mismunandi tímum, ýmist undir jökli eða á íslausu landi (Mannvit 2008).

Eldhraun, svokallað Kapelluhraun sem rann á 12. öld, á árunum 1151-1188, á upptök sín undir Undirhlíðum og liggur Krýsuvíkurvegur um það norðan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Á framkvæmdasvæðinu liggur vegurinn um Sandfellsklöfahraun sem er 3.200 ára á 520 m kafla, milli stöðva 460 - 980. Á myndum 3-4 má sjá að hrauninu meðfram veginum hefur áður verið raskað.


Eldhraun falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa, jarðminja o.fl. sem ber að forðast að raska nema brýna nauðsyn beri til.

Áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir verða fyrst og fremst á laus yfirborðslög. Eldhrauni meðfram núverandi vegi verður lítillega raskað á 520 m kafla. Við endurnýjun vegarins er nauðsynlegt að hækka hann lítilsháttar og gera fláa flatari. Við þær breytingar þarf að raska landi meðfram honum. Við lagningu Krýsuvíkurvegar verður 0,14 ha af óhreyfðu eldhrauni meðfram núverandi vegi raskað og 0,58 ha af óröskuðum melum meðfram vegi í Vatnsskarði.

Rétt er að hafa í huga að viðbúið er að hraðinn á Krýsuvíkurvegi aukist þegar komin er klæðing. Við lagfæringar á hæðarlegu vegarins yrðu vegamót Vigdísarvallavegar og Krýsuvíkurvegar í mikilli brekku, eða neðst í henni. Til að uppfylla kröfur um sjónlengdir á vegamótunum er nauðsynlegt að færa tengingu Vigdísarvallavegar fjær brekkurótunum upp Vatnsskarðið. Við lagningu nýrrar tengingar Vigdísarvallavegar verður 0,19 ha af óhreyfðu eldhrauni raskað.

Til að bæta öryggi vegfarenda sem leið eiga um Krýsuvíkurveg og Vigdísarvallaveg er brýn nauðsyn að raska hrauni. Óhreyfðu hrauni verður raskað á samtals 0,32 ha.

Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á mikilvægar jarðmyndanir verði óveruleg. Um er að ræða eldhraun í jaðri svæða sem þegar hefur verið raskað með námuvinnslu, vegagerð o.fl.



Mynd 13. Sérstök vernd náttúruyfyrirbæra á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði (Heimild: www.serstokvernd.ni.is).




Mynd 14. Horft frá Vatnsskarði til norðurs yfir vegamót Krýsuvíkurvegar og Vigdísarvallavegar (mynd: HA mars 2019).

5.5. GRÓÐUR

Í Vatnsskarði er að mestu mól á yfirborði, víða stórgrýti og lítill jarðvegur. Þar er lítill gróður, eingöngu mosablettir og einstaka grös og melaplöntur. Gróður er helst að finna neðst í hlíðum og í dældum. Við gróðurrannsóknir vegna Vatnsskarðsnámu fundust engar sjaldgæfar gróðurtegundir (Mannvit 2008).

Vegagerðin hefur kannað vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands til að finna út hvers konar gróður er á framkvæmdasvæðinu og í grennd við það. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er mjög lítill gróður (myndir 4-9). Krýsuvíkurvegur um Vatnsskarð liggur að mestu um gróðursnautt land, eyðimelavist. Á einstaka stað eru rýr mólendi og/eða mosagróður.



Mynd 15. Vistgerðarkort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. (Heimild: www.vistgerdakort.ni.is).

Fyrsti hluti vegarins frá Vatnsskarðsnámu að Vigdísarvallavegi liggur um hraun sem þegar hefur verið raskað og er lítt gróið. Þar eru vistlendin: *Aðrar landgerðir og Hraunlendi*. Vistgerðir innan

hraunlendisins eru: *Eyðihraunavist* L6.1 sem hefur lágt verndargildi og *Mosahraunavist* L6.3 sem hefur miðlungs verndargildi. Vistgerðir innan annarra landgerða eru *Péttbýli og annað manggert land* L14.1.

Sá hluti vegarins sem liggur frá Vigdísarvallavegi að slitlagsenda sunnan Vatnsskarðs liggur um vistlendingin: *Mólendi, Melar og sandlendi, Aðrar landgerðir og Moslendi*.

Vistgerð innan mólendis er *Lyngmóavist á láglandi* L10.8 sem nýtur miðlungs verndargildis. Vistgerðir innan mela og sandlendis eru *Eyðimelavist* L1.1, *Víðimelavist* L1.4 og *Mosamelavist* sem hafa allar lágt verndargildi. Vistgerðir innan annarra landgerða eru *Péttbýli og annað manggert land* L14.1. og *Alaskalúpína* L14.4. sem báðar hafa lágt verndargildi. Vistgerð innan moslendis er *Hraungambravist* L5.3. sem hefur lágt verndargildi.

Vegagerðin hefur mælt stærð svæða utan núverandi vegar sem raskast við framkvæmdir. Svæði sem raskast eru um 0,90 ha að stærð (kafla 5.1.) en aftur skal tekið fram að aðeins lítil hluti þeirra er gróinn. Stærsti hlutinn fellur undir *Eyðimelavist* og *Péttbýli og annað manggert land*.

Við framkvæmdina raskast mjög lítið af gróðri. Vegagerðin telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður verði óveruleg.

5.6. FUGLAR

Á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands var útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi kortlögð sumrin 1987-1992 og sýna niðurstöðurnar að búast megi við flestum algengum tegundum landfugla, einkum mófugla, á og í nágrenni Vatnsskarðsnámu (Mannvit 2008).

